MOSFELLINGUS

14. tbl. 7. árg. föstudagur 14. nóvember 2008. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós



EIGN VIKUNNAR

Krókabyggð - endaraðhús








Mjög fallegt og bjart 97,2 fm endaraðhús á einni hæð á góðum stað í grónu hverfi við Krókabyggð í Mosfellsbæ. Húsið skiptist í forstofu, stofu, borðstofu, eldhús, þrjú svefnherbergi og baðherbergi. Fallegur garður með góðri timburverönd. Falleg eign á vinsælum stað.

V.29,8 m

Kjarna · Þverholti 2 · 270 Mosfellsbær · S. 586 8080 Einar Páll Kjærnested, lögg.fasteignasali · www.fastmos.is, www.eignamidlun.is





Flugumýri 2, Mosfellsbæ Símar: 566 7660 og 697 7685 jonrett@internet.is





Þjónustuverkstæði útvegum bílaleigubíla



MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is www.mosfellingur.is

Útgefandi: Mosfellingur ehf. Skeljatanga 39, sími: 694-6426 **Ritstjóri og ábyrgðarmaður:** Hilmar Gunnarsson

Blaðamaður: Ruth Örnólfsdóttir ruth@mosfellingur.is

ruth@mosiellingur.is

Umbrot og hönnun: Mosfellingur Próförk: Hjördís Kvaran Einarsdóttir Ljósmyndari: Magnús Már Haraldsson Prentun: Prentmet, 3500 eintök

Tekið er við aðsendum greinum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð.

Mosfellingur kemur út að jafnaði á þriggja vikna fresti.

Næsta blað kemur út 5. des.

Nýi Mosfellingur

Nú þegar bankarnir hafa gengið í endurnýjun lífdaga og breyst í Nýja Glitni, Nýja Kaupþing o.s.frv. Er þá ekki við hæfi að Mosfellingur verði líka Nýi Mosfellingur?



til með að reka og það er gott bæjarblað. Mosfellingur heldur vonandi eitthvað áfram og verður dreift frítt inn um lúgur bæjarbúa. Rekstur Mosfellings grundvallast hins vegar af auglýsingum og hafa fríblöð fengið að finna fyrir því. En við erum þakklát þeim sem styðja við bakið á okkur og sjá hag sinn í því að auglýsa í mest lesna blaði Mosfellsbæjar.

Mosfellingur kemur nú út sem fyrr með jákvæðar og skemmtilegar fréttir. Líklega einn af fáum fjölmiðlum á landinu sem ekki er uppfullur af kreppufréttum og þunglyndi. Góða skemmtun. ÍSFUGL

Reykjavegi 36 Sími 566 6103

www.isfugl.is

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri



Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

...þegar bekkjarmynd var tekin af 5. Þ.Á.Á í Varmárskóla. Í dag eru þessir krakkar á 36. aldursári. Efsta röð: Gunnhildur Kristinsdóttir, Vilborg Sigurðardóttir, Hrefna Þengilsdóttir, Alda Þöll Viktorsdóttir, Egill Erlingsson, Sigurjón Gunnlaugsson, Hjörvar Freyr Hjörvarsson, Kjartan Long, Róbert Axel Axelsson, Ágúst Tómasson. Miðju röð: Elva Ösp Ólafsdóttir, Monica Magnúsdóttir, Alma Jenný Sigurðardóttir, Sólveig Lilja Óskarsdóttir, Eðvald Hansen, Árni Böðvarsson, Rúnar Þór Guðbrandsson, Gunnar Óli Kvaran, Hreinn Ingi Hreinsson. Neðsta röð: Sæunn Ólafsdóttir, Sigrún Þuríður Geirsdóttir, Sigrún Vöggsdóttir, Kristjana Helgadóttir, Pálmi Bernhardsson, Hannes Viðar Jónsson, Guðjón Ingi Viðarsson, Haukur Þórðarson.







Getur þú fundið Benjamín falinn í blaðinu?

Fyrirlestur um Feng Shui

- Hvað er feng shui?
- Hvað getur Feng Shui leiðbeint okkur með?
- Aðferðir og nokkur dæmi.

Fyrirlesturinn verður haldinn á Hótel Laxnes mánudaginn **17. nóv. kl. 20:15.** Verð 900 kr.

Skráning á birgir.johannesson@gmail.com

Pilus

MOSFELLSBÆ

Hársnyrting - verslun

Dagana 17. - 22.nóvember verður okkar árlegi 20% afsláttur af permanent.



Skvísurnar á Pílus senda öllum viðskiptavinum sínum baráttukveðjur. Hugsaðu jákvætt, það er léttara!

Þverholti 2 Kjarna Mosfellsbæ S:566 6090



Eigendaskipti á Innrömmun

Eigendaskipti hafa orðið á fyrirtækinu Innrömmun E.S.S. sem starfrækt er í Mosanum. Elías Steinar Skúlason og Kittý Jónsdóttir hafa rekið Innrömmun E.S.S. í 7 ár. Þau byrjuðu starfsemina í bílskúri í Miðholtinu og hafa fært út kvíarnar smátt og smátt síðan. Þau vilja koma á framfæri þakklæti til allra Mosfellinga fyrir viðskiptin. Við fyrirtækinu taka hjónin Stefanía Aradóttir og Sævar Berg Gíslason. Þau hafa rekið Saumastofu Íslands og lost.is og hafa haft aðsetur í Stykkishólmi. Innrömmun verður rekin með svipuðu sniði og áður auk áherslu á alhliða saumaskap og allt sem fylgir því. Innrömmun mun stækka við sig á næstu vikum og flytjast yfir í húsnæði sem áður hýsti Leikbæ. En eftir sem áður í Mosanum við hlið Krónunnar.

MOSFELLINGUR á vaktinni

Mosfellingur gerði verðsamanburð á hárgreiðslustofum bæjarins. Verð á dömuklippingu (meðal sítt) og herraklippingu var kannað á þremur stofum.

Aristó

Dömuklipping: 4.600,-Herraklipping: 3.500,-

Pílus

Dömuklipping: 4.615,-Herraklipping: 3.460,-

Textur

Dömuklipping: 4.300,-Herraklipping: 3.800,-

Mosfellsbær tekur við rekstri Íþróttamiðstöðvarinnar Lágafells af Nýsi

Tekið við rekstrinum

Mosfellsbær hefur tekið við rekstri Íþróttamiðstöðvarinnar Lágafells við Lækjarhlíð sem áður var rekin af fyrirtæki í eigu Nýsis hf. Öllum starfsmönnum íþróttamiðstöðvarinnar verður boðið starf hjá Mosfellsbæ. Alls starfa 13 manns í fullu starfi við íþróttamiðstöðina og um tíu til viðbótar í hlutastarfi.

Íþróttamiðstöðin var reist árið 2006 og er þar meðal annars rekin sundlaug, íþróttahús og líkamsræktarstöð á vegum World Class.

Vegna mikilla erfiðleika í efnahagslífinu og rekstrarörðugleika fyrirtækisins óskaði Nýsir Services nýverið eftir því við Mosfellsbæ að það yrði leyst undan samningum.

Fasteignafélagið Lækjarhlíð eignaðist hlut Nýsis og hefur Mosfellsbær samið við Landsbankann um endurfjármögnun á fjármögnun byggingarinnar. Mosfellsbær er því nú eini eigandi Fasteignafélagsins Lækjarhlíðar sem á Íþróttamiðstöðina Lágafell við Lækjarhlíð.

"Það er ánægjuefni að geti boðið starfsfólki Íþróttamiðstöðvarinnar Lágafells áframhaldandi trygga atvinnu og brýnt að tryggja áfram-



Lágafellslaug var vígð formlega á sumardaginn fyrsta árið 2007

haldandi þjónustu við íbúa Mosfellsbæjar. Samningarnir voru einnig mjöghagstæðir fyrir Mosfellsbæ," segir Haraldur Sverrisson bæjarstjóri.

Soroptimistaklúbbur Mosfellssveitar kom færandi hendi á Hlaðhamra

Eldri borgarar fá leirbrennsluofn

Soroptimistar í Mosfellsbæ færðu félagsstarfi eldri borgara nýverið að gjöf leirbrennsluofn. Inga Elín Kristinsdóttir, myndlistarmaður og hönnuður, sem jafnframt er félagi Soroptimista, átti hugmyndina að gjöfinni. "Ég komst að því að það vantaði leirbrennsluofn í félagsstarf eldri borgara og ég veit hvað það getur verið gaman og gefandi að vinna með leir," segir Inga Elín.

Vonast er til að ofninn verði kominn í notkun strax eftir áramót og þá verði hægt að fara af stað með námskeið í leirvinnslu. Rausnarleg gjöf sem á eftir að koma sér vel.



Haraldur Sverrisson bæjarstjóri veitir ofninum viðtöku.

Valnefnd Mosfellsprestakalls hefur komist að niðurstöðu

Sr. Skírnir valinn prestur

Valnefnd Mosfellsprestakalls, Kjalarnessprófastsdæmi, leggur til að sr. Skírnir Garðarsson verði ráðinn prestur í Mosfellsprestakalli. Embættið veitist frá 1. janúar 2009. Biskup Íslands skipar í embætti prests til fimm ára að fenginni umsögn valnefnd-


ar og mun hann starfa við hlið Ragnheiðar Jónsdóttur sóknarprests. Sr. Skírnir hefur víða leyst af undanfarin ár og meðal annars gegnt prestsþjónustu í Rangárvallaprófastsdæmi. Hann gegnir nú afleysingaþjónustu í Saurbæjarprestakalli á Hvalfjarðarströnd.

Níu sóttu um embættið:

- Séra Arna Ýrr Sigurðardóttir
- Cand. theol. Arndís Bernhardsd. Linn
- Séra Guðbjörg Jóhannesdóttir
- Séra Kristín Pálsdóttir
- Séra Sigurður Rúnar Ragnarsson
- Cand. theol. Sigurvin Jónsson
- Séra Skírnir Garðarsson
- Cand. theol. Stefán Einar Stefánsson
- ■Séra Þórhildur Ólafs

KIRKJUSTARFIÐ

www.lagafellskirkja.is



Helgihald næstu vikur:

16. nóvember

- dagur íslenskrar tungu
 Guðsþjónusta í
 Lágafellskirkju kl. 11
 Hugleiðingu flytur Guðni
 Kolbeinsson
 Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

23. nóvember

Guðsþjónusta í Mosfellskirkju kl. 11 Sr. Jakob Ágúst Hjálmarsson

30. nóvember

- fyrsti sunnudagur í aðventu Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

Kvöldkirkja er í Lágafellskirkju á fimmtudögum kl. 21

Hún er ætluð til þess að veita fólki skjól, athvarf og kyrrð. Hún skal vera farvegur til að nálgast Guð á nýjan hátt. Fólk kemur inn í kyrrð kirkjunnar til að eiga stund með sjálfu sér og Guði sínum. Fólk kemur og fer, stansar í fimm mínútur eða hálftíma, allt eftir eigin ósk og vilja.

Prestar og starfsfólk kirkjunnar annast undirbúning og umsjón. Þögn ríkir í kirkjunni alla jafna og myndataka er afbeðin. Kvöldkirkja er tilraunaverkefni í Lágafellskirkju og verður fyrst um sinn opin fram að áramótum.

Leggőu númeriő **á minnið 522-222**

Besti vinur bragðlaukanna





Aukið öryggi barna í Leirvogstungu

Íbúasamtök Leirvogstungu og Vátryggingafélag Íslands hafa tekið höndum saman við að stuðla að öryggi barna í Leirvogstungu. Sýnileiki ungra vegfarenda er mjög mikilvægur þar sem unnið er víða í hverfinu og gröfur og önnur tæki eru á ferli. Öllum börnum í hverfinu hefur verið gefið öryggisvesti sem börnin eru hvött til að nota í skammdeginu sem nú er skollið á. Á myndinni má sjá Þórdísi og Anítu frá Vís ásamt Hörpu og Sveini sem búa í Leirvogstungu. Ef einhverjir krakkar hafa ekki fengið vesti geta þeir haft samband við Hörpu í síma 849-3698.



Nýr fundarsalur á 2. hæð í Kjarna

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hélt á dögunum sinn fimmhundraðasta fund. Fundurinn var haldinn í nýjum fundarsal bæjarstjórnar sem nefndur hefur verið Helgafell. Salurinn er á 2. hæð í Kjarna en þangað hefur einnig umhverfissvið flutt starfsemi sína. Salirnir hafa allir fengið nöfn en þau eru: Helgafell, Búrfell, Reykjafell, Lágafell og Bæjarfell.

Uppskeruhátíð MSÍ, mótorhjóla- og snjósleðasambands Íslands

MotoMos rakar inn verðlaunum

Félagar í MotoMos geta verið sáttir við árangur sumarsins en á dögunum fór fram uppskeruhátíð MSÍ. Motomos er félag áhugafólks í Mosfellsbæ um motocross, enduro og fjórhjól. Mikill uppgangur hefur verið í íþróttinni hér í bæ en á árinu var tekin í notkun ein glæsilegasta mótocrossbraut landsins á Tungumelum.

Fjórir Íslandsmeistarar

MotoMos gerði sér lítið fyrir og hirti flesta bikara á uppskeruhátíðinni og þar á meðal fjóra Íslandsmeistaratitla. Moto-Mos átti einnig liðsmenn ofarlega í flestum flokkum bæði í enduro og motocross. "Það er virkilega gaman að við höfum svona marga frambærilega íþróttamenn innan okkar félags. Brautarstæðið okkar á Tungumelum kemur sér líka afar vel til æfinga" segir Guðni Friðgeirsson formaður MotoMos.

Fyrir Íslandshönd

Peir Valdimar Þórðarson og Einar Sigurðsson kepptu á dögunum í motocrossi fyrir Íslands hönd. Þrír landsliðsmenn fóru og kepptu í Donington Park í Englandi og þóttu standa sig með miklum ágætum.



Frábær árangur. Friðgeir, Gunnlaugur, Einar, Valdimar og Ásgeir urðu allir liðameistarar, hver með sínu liði og flokki. Auk þeirra náðu góðum árangri þau Kjartan Gunnarsson #274 sem lenti í þriðja sæti í svokallaðri Baldursgrein og Hekla Daðadóttir #336 hafnaði í 8. sæti af tæplega 30 keppendum í kvennaflokki.





Fyrirhugaðar eru framkvæmdir við Íþróttamiðstöðina að Varmá

Bætt aðstaða að Varmá

Stefnt er að því að hefja framkvæmdir við Íþróttamiðstöðina að Varmá fljótlega eftir áramót.

Í nýbyggingunni verður m.a. búningsklefar fyrir utanhússiðkun í kjallaranum, á jarðhæð verður anddyri og kaffitería og á annarri hæð verður félagsaðstaða fyrir Aftureldingu auk skrifstofa og fundarrýma. Drög að teikningum má sjá hér á myndunum fyrir ofan. Verður þetta glæsileg viðbót við mannvirkin sem fyrir eru að Varmá og koma á heildarmynd á svæðið. Stefnt er að því að geta tekið bygginguna í notkun á afmælisári Aftureldingar 2009. "Nú er verið að klára fjárhagsáætlun og framkvæmdir hefjast ekki fyrr en búið er að tryggja fjármögnun og svar er komið frá lánasjóði sveitarfélaga," segir Haraldur Sverrisson bæjarstjóri.

ELDRI BORGARAR



Basar

Félagsstarf eldri borgara í Mosfellsbæ verður með sölu á fallegu handverki, laugardaginn 15. nóvember kl. 12-16 í Listasal og Bókasafninu í Kjarna, og verður stór hluti innkominna tekna gefinn til bágstaddra. Einnig verður sýning á tréútskurði og bókbandi. Vorboðar, kór eldri borgara syngur.

Jólaskemmtun

Eldri borgarar í Mosfellsbæ, Kjalarnesi og Kjós!

Félagsstarf eldri borgara í Mosfellsbæ verður með jólaskemmtun í Hlégarði föstudaginn 28. nóv. kl. 19. Jólahlaðborð, söngur, tískusýning, dans.

Fjölmennum og tökum með okkur gesti. Aðgöngumiðar eru seldir á skrifstofu félagsstarfsins Dvalarh. Hlaðhömrum kl. 13-16, verð kr. 4.200. Nánari uppl. síma 586-8014 og 692-0814.

Fjölskyldutónleikar

Laugardaginn 15. nóvember kl. 16 í Hátíðasal Varmárskóla mun Fífilbrekkuhópurinn ásamt Skólakór Varmárskóla leika og syngja þekkt lög og í lok tónleikanna munu áheyrendur einnig syngja með. Mætum öll og njótum góðrar stundar.

Fífilbrekkuhópinn skipa:

Hulda Björk Garðarsdóttir, sópran; Eyjólfur Eyjólfsson, tenór; Sigrún Eðvaldsdóttir, fiðlu; Anna Guðný Guðmundsdóttir, píanó; Hávarður Tryggvason, kontrabassa og Sigurður Ingvi Snorrason, klarínettu.

Skólakór Varmárskóla syngur

undir stjórn Guðmundar Ómars Óskarssonar

Miðaverð: 1.000 kr. Miðasala við innganginn. Frítt er fyrir skólafólk og eldri borgara.





Kári Fanndal Guðbrandsson Sigrún Sigurpálsdóttir, lögg. fasteignasali. **S. 562-1200**

TRAUST ÞJÓNUSTA Í ÁRATUGI

TVÖ FLOTT VIÐ EINITEIG!



Til sölu mjög vandað og glæsilegt parhús innst í lokaðri götu á rólegum og fallegum útsýnisstað. Húsið er ein hæð 197,5 fm með innbyggðum bílskúr sem er 30 fm. Húsið skiptist í stofur, eldhús, þrjú rúmgóð herbergi, baðherbergi og snyrtingu. Selst fokhelt, fullbúið að utan. Mjög vandað hús. Verð: 34,8 millj.

Höfum líka í sölu glæsilegt 260 fm einbýlishús í sömu götu. M.a. er í húsinu góðar stofur, fjögur góð svefnherbergi, baðherbergi, snyrting og síðast en ekki síðst 55 fm tvöfaldur bílskúr. Selst fokhelt fullgert að utan. Mögulegt að selja eignina m.v. steypta gólfplötu. **Verð: 44,9 millj.**

Ath. í báðum húsum er hægt að semja um framhaldsvinnu á mjög sanngjörnum kjörum. Möguleg eignaskipti. Vinsamlega hafið samband og kannið málið.

Óskum eftir að ráða svein eða mwweistara

Upplýsingar gefur Olga í síma 696-8500

OPNUNARTÍMI:MÁN-FÖS 9-17
LAU 9-14

pantið tímanlega fyrir jólin **S. 5668500**

Jóhanna Sigurðardóttir snyrtifræðingur byrjar á Texture 1. desember

TEXTURE

Háholti 23

Bókasafn Mosfellsbæjar býður til "bókmenntaveislu"

miðvikudaginn 19. nóvember kl. 20-22





Spennandi bókakvöld með notalegri stemningu . Kertaljós, kaffi, gos eða rauðvínsglas og piparkökur í boði Bókasafnsins.



Kirkjukórinn með markað í Kjarna

Kirkjukór Lágafellssóknar verður með markað í Kjarna föstudaginn 21. nóvember og hefst hann kl. 14. Á boðstólnum verða margskonar niðursuðuvörur svo sem grænir tómatar og annað góðgæti t.d. heimabakað rúgbrauð, allskonar brauð og smákökur. Ennfremur jólakort, geisladiskar, prjónaðir sokkar og margskonar flóamarkaðsvörur. Kirkjukórinn ætlar til Kanada á næsta ári að heimsækja Íslendingaslóðir. Þar mun kórinn koma fram á 17. júní á aðalhátíð Íslendinga í Winnipeg og er þessi fjáröflun í tilefni af því.

Rúmföt fyrir alvöru stuðningsmenn

Knattspyrnudeild Aftureldingar stendur fyrir sölu á UMFA-

rúmfötum fyrir jólin. Deildin verður með sölubás í Kjarna og að Varmá föstudaginn 21. nóv kl. 15-19 og laugardaginn 22.



nóv kl. 10-13. Tilvalið í jólapakkann fyrir Mosfellinga og velunnara Aftureldingar.

Gömlu jólafötin ganga aftur...

Rauði krossinn ætlar að leika á jólaköttinn og leggja sitt af mörkum til að sem flestir eignist jólaföt. Fatasöfnun Rauða kross Íslands stendur því fyrir sérstakri sparifatasöfnun laugardaginn 22. nóvember. Hugsunin að baki átakinu er veita fólki möguleika á að kaupa góð jólaföt á mjög hagstæðu verði í verslunum Rauða krossins eða að fá sparifatnaði úthlutað. Tekið verður á móti sparifatnaði laugardaginn 22. nóvember milli kl. 11-15 í Þverholti 7.

Forseti Íslands í Varmárskóla

Forsetaheimsókn

Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, heimsótti Varmárskóla í tilefni af forvarnardeginum þann 6. nóvember. Ólafur Ragnar ræddi við níundu bekkinga Varmárskóla um hættuna samfara fíkniefnaneyslu og hvatti alla til að fresta þess í lengstu lög að byrja að neyta áfengis.

Nemendurnir voru áhugasamir um fyrirlestur forsetans og að honum loknum gafst þeim færi á að spyrja spurninga. Margar áhugaverðar spurningar komu fram.

Hvað ertu eiginlega gamall?

Par á meðal var forsetinn spurður hvort hann hefði sjálfur neytt fíkniefna - sem hann svaraði neitandi og bætti því við að hann hefði heldur aldrei reykt. Einn nemandi spurði hvort forsetinn hefði stundað íþróttir sem unglingur og svaraði forsetinn því svo að því miður gæti hann ekki sagt það. "En ég hef bætt úr því síðan," sagði Ólafur Ragnar. Hann sagðist stunda göngu og aðra líkamsrækt daglega og að hann hefði stundað skíði um áratugabil. Hann hefði verið einn fárra í Bláfjöllum í kring um 1960 og í kjölfarið kom spurning frá einum nemanda: "Fyrirgefðu, en fyrst þú stundaðir skíði í Bláfjöllum 1960... hvað ertu eiginlega gamall??!!"



Forsetinn ásamt skólastjórum Varmárskóla og nokkrum nemendum.



Málin rædd. Ævar Aðalsteinsson skátaforingi, Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands, Haraldur Sverrisson bæjarstjóri og Björn Þráinn Þórðarson framkvæmdastjóri fræðslu- og menningarsviðs.

Guðmundur og Ingunn hafa rekið kaffi- og veitingahús í heilan áratug

Draumakaffi fagnar 10 ára afmæli



Ingunn Bergþórsdóttir, Gylfi Guðjónsson, Valur Helgason, Guðmundur H. Ármannsson og Albert Heimisson. Hjónin taka við boðskortum í leikhús, frá fótbolta- og handboltabullum, á myndina vantar m.a. Garðar, Þorstein, Inga, Sigga "litlabróður" og Jóhann G. í Namo.

Kaffi- og veitingahúsið Draumakaffi fagnaði á dögunum 10 ára afmæli staðarins en hann er starfræktur í Háholti. Fjöldi fólks fagnaði með afmælisbarninu þennan dag sem endaði með því að Dúettinn Hljómur spilaði fyrir gesti fram á rauða nótt.

"Þetta er búinn að vera frábær tími og við hjónin höfum kynnst mörgu góðu fólki síðasta áratuginn. Hér hefur fjöldi tónlistarmanna komið fram og á morgun, laugardag, spila t.a.m. strákarnir í The 66," segir Guðmundur sem oftast er kenndur við Draumakaffi.

Draumakaffi hóf starfsemi sína í um 50 fm árið 1998 en stækkaði svo myndarlega við sig árið 2003. Draumakaffi býður upp á heitan mat, pizzur, þráðlaust net, öl og íþróttakappleiki á breiðtjaldi svo eitthvað sé nefnt.



DAGUR ÍSLENSKRAR TUNGU



Kvennakórinn Heklurnar heldur tónleika í Mosfellskirkju á *degi íslenskrar tungu* sunnudaginn

16. nóvember kl. 16.

Á dagskrá eru sönglög við ljóð Halldórs Kiljan Laxness. Stjórnandi kórsins er Björk Jónsdóttir og meðleikari Aðalheiður Þorsteinsdóttir. Kristín Pálsdóttir les stutta kafla úr verkum Halldórs Laxness. Miðasala hjá kórkonum og við innganginn.





Ráðgjafartorg Mosfellsbæjar

Mosfellsbær hefur myndað samstarfshóp í samstarfi við ýmsa aðila í bæjarfélaginu sem meðal annars hefur sett á fót Ráðgjafartorg vegna þeirra erfiðu aðstæðna sem skapast hafa í efnahagslífi þjóðarinnar. Upplýsingar á Ráðgjafartorgi eru vistaðar undir slóðinni www.mos.is/radgjafartorg.

Markmiðið er að samræma þjónustu og vauðvelda aðgang að þjónustu og ráðgjöf sem stendur Mosfellingum til boða. Ráðgjafartorgið er starfrækt af samstarfshópi stofnana í bæjarfélaginu, svo sem Mosfellsbæ, Rauða krossinum, kirkjunni og heilsugæslustöðinni auk annarra félagasamtaka.

Á Ráðgjafartorgi eru teknar saman ýmsar upplýsingar sem gagnast geta þeim sem telja sig þurfa aðstoð vegna þeirra erfiðleika sem þjóðin glímir nú við. Þar eru hlekkir inn á ýmsar síður á vegum fjölda stofnana í þjóðfélaginu þar sem finna má svör við mörgum þeirra spurninga sem kvikna við þær aðstæður sem nú eru uppi. Þá eru þar upplýsingar um hvert leita megi ef börf er á aðstoð eða ráðgjöf.

Á Ráðgjafartorgi eru meðal annars auglýstir viðburðirí Mosfellsbæ á vegum samstarfsaðila og annarra félagasamtaka. Hægt er að koma ábendingum og upplýsingum sem eiga erindi á Ráðgjafartorg á framfæri í gegnum netfangið mos@mos.is.







Tel mig hafa skilað góðu búi

Birgir D. Sveinsson kennari hefur starfað við kennslu hér í sveit í nær hálfa öld og er enn að störfum.

Birgir D. Sveinsson er annálaður vinnuþjarkur og þeir sem til hans þekkja segja að honum falli aldrei verk úr hendi. Birgir var bæði kennari og skólastjóri Varmárskóla í 40 ár. Hann stofnaði Skólahljómsveit Mosfellsbæjar og stóð ásamt öðrum að stofnun Tónlistarskólans hér í bæ. Birgir hefur einstaklega rólegt yfirbragð og ber með sér ákveðinn virðuleika og festu.

"Ég er fæddur í Neskaupstað árið 1939 og ólst þar upp í góðu yfirlæti," segir Birgir er ég tók hann tali og spurði hann hvar hann hafi slitið barnsskónum. "Foreldrar mínir voru þau Þórunn Lárusdóttir og Sveinn Sigurjónsson vélstjóri. Ég er elstur fjögurra systkina þeirra Lárusar, Leós og Elsu en Lárus bróðir minn lést árið 2000.

Árið 1954 fór ég til Vestmannaeyja og tók landspróf þar ásamt því
að sækja tónlistarnám hjá Oddgeiri
Kristjánssyni. Það var stórkostlegt
að fá að læra hjá slíkum snillingi og
öndvegismanni. Leið mín lá síðan
til höfuðborgarinnar og ég hóf nám
í Kennaraskólanum árið 1956 og
útskrifaðist þaðan árið 1960. Á þessum tíma var mikill kennaraskortur
og mikil vinna var lögð í það hjá
skólunum að fá nýútskrifaða kennara til starfa. Tilviljun ein réði því
að þetta sama ár flutti ég ásamt fjölskyldu minni í Mosfellssveit og hóf

MOSFELLINGURINN

ACCORDANGE

TO STATE OF THE PROPERTY OF THE P

þar kennslu. Starfinu fylgdi íbúð í gamla húsinu að Brúarlandi sem á sér langa sögu eða frá árinu 1923."

Íþróttakennari fyrstu þrjú árin

"Ég starfaði sem íþróttakennari fyrstu þrjú árin og kennslan fór fram í kjallaranum að Brúarlandi. Þetta er níutíu fermetra pláss sem einnig var nýtt sem samkomusalur Mosfellssveitar áður en Hlégarður kom til sögunnar. Símstöðin var einnig í húsinu svo það var stöðugur straumur sveitunga um húsið. Um 600 manns bjuggu í sveitinni á þessum tíma og Reykjalundur og Álafoss voru stærstu vinnustaðirnir. Í mörg

sumur vann ég á Reykjalundi með skólakrökkum við að halda umhverfinu snyrtilegu. Þá var Reykjalundur eins og stórt sveitaheimili með gróðurhús og garðyrkju."

Uppbygging skólamannvirkja

Birgir vann ásamt öðrum að byggingu Varmárskóla og segja má að með því hafi hann markað sín spor að uppbyggingu skólamannvirkja hér í Mosfellsbæ. Skólinn var byggður í landi Varmár og skömmu síðar reis Gagnfræðaskólinn. Þetta voru stórar og rúmgóðar byggingar og ekki veitti af því að á áttunda áratugnum fór íbúum að fjölga svo um munaði. Á níunda áratugnum voru báðir skólarnir svo stækkaðir með myndarlegum viðbyggingum. Birgir starfaði sem yfirkennari skólans frá árunum 1977-1983 er hann varð skólastjóri. Mörgum Mosfellingum finnst Birgir hafa starfar mikið lengur sem skólastjóri enda nafn hans órjúfanlega tengt Varmárskóla en Birgir lét af störfum þar árið 2000.

Frumkvöðull Skólahljómsveitar

Birgir er frumkvöðull að stofnun Skólahljómsveitar Mosfellsbæjar. Stofnárið var 1964 og spilaði hljómsveitin fyrst á 17. júní við sundlaugina að Varmá en hún var þá nýbyggð. Ég spyr Birgi hvernig tón-

listarlífið hafi verið á þessum árum? "Það var ekki mikið í þá daga," segir Birgir. "Kirkjukórinn var starfandi, starfsemi Karlakórsins Stefnis lá niðri og aðeins fáir krakkar sóttu tónlistarnám til Reykjavíkur." Birgir segir að hann hafi verið heppinn með krakka í gegnum árin sem tóku þátt í starfi hljómsveitarinnar og ótrúlegur fjöldi þeirra hefur gert tónlistina að ævistarfi sínu. Skólahljómsveitin hefur komið víða við á þeim árum sem liðin eru frá stofnun hennar bæði hér innanlands og utan og árlega eru haldnir stórir tónleikar. Allar ferðir hljómsveitarinnar eru til á myndböndum og eru því til miklar heimildir um stóran hóp fólks hér í bænum. Markmið Birgis var að skila af sér hljómsveitinni eftir 40 ára starf og kallaði hann til gamlan nemanda, Daða Þór Einarsson, til að taka við af sér en hann stýrir nú starfi hliómsveitarinnar með sóma. Birgir sinnir nú hlutastarfi við kennslu hjá skólahljómsveitinni.

Fararstjóri á sumrin

Auk kennarastarfsins starfaði Birgir sem fararstjóri á Ítalíu í tíu ár. Er ég spyr hann út í Ítalíuárin segir hann. "Ég dvaldi með fjölskylduna úti á Ítalíu, vann þar við að taka á móti íslenskum ferðamönnum í strandbænum Lignano. Þetta voru yndisleg ár enda Ítalía óþrjótandi brunnur menningar og fegurðar."

Birgir og eiginkona hans Jórunn Helga Árnadóttir hárgreiðslukona eru miklir Ítalíuaðdáendur og á heimili þeirra má sjá marga fagra listmuni frá Ítalíu. Börn þeirra eru Sveinn Þórður tónlistarkennari fæddur árið 1959, Arna Björk myndlistarkennari fædd 1965 og Harpa uppeldisfræðingur fædd 1969 en hún býr í Danmörku ásamt fjölskyldu sinni. Þriðju dótturina Örnu Björk misstu þau hjónin árið 1964.

Sæmdur riddarakrossi

Birgir hefur mikinn áhuga á menningu og listum og hefur starfað í ýmsum nefndum fyrir sveitarfélagið þeim tengdum. Birgir hefur einnig verið félagi í Karlakórnum Stefni í sextán ár. Á sumardaginn fyrsta var Birgir sæmdur Melvin Jones viðurkenningu frá Lions klúbbi Mosfellsbæjar fyrir óeigingjarnt starf í þágu barna og unglinga í Mosfellsbæ.

Birgir sýslar við tónlist víðar en í Mosfellsbæ því hann hefur verið í forsvari Samtaka íslenskra Skólalúðrasveita (S.Í.S.L.) í 25 ár. Á nýársdag árið 2005 var Birgir sæmdur Riddarakrossi hinnar íslensku Fálkaorðu fyrir störf sín í þágu tónlistar af forseta Íslands.

Ég spyr Birgi að lokum hvað komi fyrst upp í hugann ef hann hugsi til baka eftir hátt í fimmtíu ár í farsælu starfi sem kennari? "Þakklæti," segir Birgir. "Ég er afar þakklátur nemendum og samstarfsmönnum í Varmárskóla og Skólahljómsveitinni fyrir samstarf í þennan langa tíma. Ég vona svo sannarlega að ég hafi skilað góðu búi við starfslok mín og framtíðin megi verða Mosfellingum björt."

Myndir: Ruth, Ólína Margeirsdóttir og úr einkasafni



Fjölskyldan, Jórunn og Birgir með börnum sínum, Örnu Björk, Sveini Þórði og Hörpu.

www.mos.is



Þverholti 2 · 270 Mosfellsbæ · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

Skrifstofa Mosfellsbæjar

Launafulltrúi

Launafulltrúi óskast í 50% starf á launadeild Mosfellsbæjar

Launafulltrúi annast launavinnslu og framkvæmd kjarasamninga undir stjórn deildarstjóra. Hann hefur eftirlit með orlofs- og vinnutímamálum starfsmanna, vinnur að undirbúningi launaáætlana og annast úrvinnslu upplýsinga úr launabókhaldi.

Nauðsynlegt er að starfsmaður sé nákvæmur og samviskusamur og hafi góða samskiptahæfileika. Stúdentspróf eða sambærileg menntun er áskilin. Launavinnsla bæjarins er unnin í H-launaforritinu og er reynsla af því forriti æskileg en ekki skilyrði.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og Starfsmannafélags Mosfellsbæjar.

Umsóknir sem greina frá menntun, reynslu og fyrri störfum skulu berast skrifstofu Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ. Einnig má senda umsóknir á netfangið mos@mos.is fyrir 24. nóvember.

> Nánari upplýsingar veitir Guðrún Þorsteinsdóttir, deildarstjóri í síma 525 6700 milli kl. 10 og 12.



www.mos.is

Mosfellsbær

Þverholti 2 · 270 Mosfellsbæ · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

ÁGÆTI HUNDAEIGANDI

Að gefnu tilefni skal hundaeigendum bent á samþykkt um hundahald í Mosfellsbæ, (sjá reglugerð á www.mos.is/stjórnsýsla/samþykktirogreglur)

4.gr - Almennt um skyldur hundaeigenda:


Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum. Á almannafæri er hundaeiganda skylt að fjarlægja saur eftir hund sinn/hunda sína á tryggilegan hátt.



Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáir blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti







VOTTORÐ FYRIR BURÐARVIRKISMÆLINGAR



Fullkomnustu grindarréttinga– og mælitæki sem völ er á hér á landi

Flugumýri 20 270 Mosfellsbæ Sími: 566 8200-566 8201 Fax: 566 8202 Netfang: nybil@centrum.is Á vinnubrögðum vorum sést að vel er hönnuð iðjan og nýja tækni nýtir best Nýja Bílasmiðjan



BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR • BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR





















Kjarna - Pverholti 2 - 270 Mosfellsbær - 5. 586 8080 - fax 586 8081 - www.fastmos.is, www.eignamidlun.is - Einar Päll Kjærnested, löggiltur fasteignasali



Litlikriki - settu íbúð upp í

Bjartar og fallegar 3ja, 4ra og 5 herbergja íbúðir í nýju glæsilegu 3ja hæða lyftuhúsi við Litlakrika 2 í Mosfellsbæ, Íbúðirnar eru með eikarinnréttingum og afhendast fullbúnar, án gólfefna, en tvær sýningaríbúðir eru tilbúnar með gólfefnum. Bílskúr fylgir sumum íbúðum. Hér gefst gott tækifæri á að setja minni eian upp í

Verð frá 25,2 m.



Niarðarland - fallegt parhús

Mjög glæsilegt 203,9 fm parhús á tveimur hæðum með miklu útsýni. Á jarðhæð er forstofa, þrjú syefnherbergi, baðherbergi og þvottahús. Á efri hæð er stór og glæsileg stofa, sjónvarpshol, svefnherbergi og stórt eldhús m/borðkrók. Falleg aðkoma er að húsinu, skjólgóð lóð og hellulagt bílaplan. Seljandi skoðar skipti á minni eign!

V. 46,8 m.



Leirvogstunga - einbýli

Nýtt og vandað 198 fm einbýli með innb. 34 fm bílskúr á góðum stað í nýju hverfi í Mosfellsbæ. Húsið er vel skipulagt, 4 svefnherb, stofa, eldhús, þvottahús og tvö baðherb. Húsið er með fullbúinni lýsingu baoireib. Husto et með tillbulimin ysnigu frá Lumex, málað að innan og tillbúið til innréttinga og án gólfefna, þó eru flísar á bílskúr og þvottahúsi. Skipti möguleg á ódýrari eign! Hagstæð kaup! V. 39,9 m.



Hlíðarás - fallegt parhús

Fallegt 163,4 fm parhús á 2 hæðum með innbyggðum 27,8 fm bílskúr með fallegu útsýni. Húsið er allt mjög vandað og stendur á fallegum útsýnisstað. Á neðri hæðinni er forstofa, þvottahús, forstofuherbergi/sjónvarpshol og innbyggður bílskúr. Á efri hæðinni eru 3 svefnherbergi, stór stofa, baðherbergi og eldhús. Stórar svalir eru út af stofunni.



🕨 Langitangi - fallegt einbýli

Mjög fallegt 171 fm einbýlishús með sambygg. bílskúr. Flott eldhús, hvítt háglans, með steingráum flísum og granítborðplötu. Vönduð tæki, stállitaður blástursofn í borðhæð, keramik helluborð, uppþvottavél og ísskápur/frystiskápur. Baðherbergi nýlega endurnýjað, fjögur svefnherb, stór stofa og borðstofa með arni og timburverönd og skjólgóður garður. Skipti möguleg! Laust til afhendingar strax! Óskað er eftir tilboði í eignina.



▶ Kvíslartunga - Parhús

Stílhreint parhús/keðjuhús á tveimur hæðum á Stílhreint parhús/keðjuhús á tveimur hæðum á miklum útsynisstað í nýju hverfi í Mosfellsbæ. Stutt í skóla og leikskóla. 4-5 svefnherbergi, mögulegt að bæta við fleirum, stórar stofur og eldhús, góður bilskúr og mjög stórar svalir með útsýni til allra átta. Húsið er nánast tilbúið til afhendingar, fullbúið að utan og vel rúmlega fokhelt að innan. Seljendur eru tilbúnir að taka litla íbúð upp í og áhvílandi er yfirtakanlegt hagstætt lífeyrissjóðslán á 4,9% vöxtum, um 28 m.kr. Skipti skoðuð á minni eign! V 47 9 m V. 47.9 m.



Àlmholt 8 einb.m/aukaíbúð

326,7 fm einbýlishús með aukaíbúð og tvöföldum bílskúr. Á efri hæðinni er forstofa, innra hol, stórar stofur, eldhús, þvottahús, 3 herb. (4 skv. teikn.), baðherbergi o.fl auk 48 fm bílskúrs. Í kjallara er séribúð sem skiptist í forstofu, 2 herbergi, stórt eldhús, baðherbergi. Í kjallaranum er einnig stórt herbergi sem gengið er í úr bílskúrnum en auðvelt er að sameina kjallaraíbúðinni auk mikils geymslurýmis. Seljandi skoðar skipti á minni eign í

Mosfellsbæ! V. 59,9 m.



Fellsás - parhús

Glæsilegt 184,7 fm parhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Húsið er teiknað af Ingimundi Sveinssyni, arkitekt. Húsið var allt innréttað á arkítekt. Húsið var allt innréttað á vandaðan hátt árið 2003 og hannað af Pétri Birgissyni, innahúsarkítekt. Húsið stendur innst í botnlanga og hátt í landi og er mikið útsýni og víðátta frá húsinu. Þetta er afar skemmtileg og vel hönnuð eign á flottum stað. Skipti koma til greina!

V. 51,9 m.



🔰 Ásland - Glæsilegt einbýli

Sérlega vandað 327,8 fm tvílyft einbýli. Húsið Sérlega vandað 327,8 fm tvílyft einbýli. Húsið skiptist í forstófu, stórt eldhús með borðkrók, flísalagt þvh., hjónah., með sér baðh., snyrtingu, garðskála, 3 stór herb., baðh. með baðkari, flittnesh., gufubað, sjónvarpshol, stofu, borðstofu með glæsilegu útsýni og tvöfaldan fullbúinn bliskúr. Fallegur garður með palli og þeitum potti, hellulagt bílaplan. Sérlega vandað einbýli á mjög fallenum útsvísstsað. fallegum útsýnisstað. V. 89,0 m.



Kvíslartunga 9 - parhús

Glæsilegt 286 fm tvílyft parhús á frábærum útsýnisstað í Leirvogstungu, Mosfellsbæ. Húsið er einkar reisulegt og stílhreint með mikilli lofthæð og stórum útsýnisgluggum auk um 60 fm svala. Húsið er fullbúið að utan og rúmlega fokhelt að innan. Skipti skoðuð á ódýrari eign! V. 47,8 m.



Fálkahöfði - fallegt parhús

Mjög fallegt 132,6 fm 4ra herb., einlyft parhús með innb. 27,2 fm bílskúr. Húsið skiptist í forstofu, þvh., þaðh. með kari og sturtu, hol, gang, tvö góð barnah., hjónah. stofu, borðstofu, eldhús og bílskúr með millilofti. Húsið stendur innst í botnlanga á fallegri og gróinni lóð. V. 39.9 m



Bugðutangi - raðhús

Vel staðsett tvílyft raðhús með innbyggðum 32,1 fm bílskúr. Á efri hæðinni eru stórar stofur, nýstandsett eldhús, baðherbergi, búr og baðherbergi. Í kjallara er sjónvarpshol, tvö herbergi, geymsla, þvottahús, snyrting og bílskúr. Garðurinn er til suðurs með verönd. Seljandi skoðar skipti á minni eign. V. 39,9 m.



Byggðarholt - endaraðhús

131,5 fm endaraðhús á tveimur hæðum í grónu og fallegu hverfi með stórri timburverðnd við Byggðarholt 3 í Mosfellsbæ. Í húsinu eru fjögur herbergi. Stór timburverðnd með skjólgirðingu og heitum potti, er suðvestanmegin við húsið. Þetta er afar góð staðsetning, göngufæri á Varmárskólasvæðið, í leikskóla og í miðbæ Mosfellsbæjar.



Þrastarhöfði - 4ra herbergja

Falleg og björt 109,4 fm 4ra herb. endaíbúð með glæsilegu útsýni á efstu hæð í nýju 3ja hæða fjölbýli, ásamt bílastæði í bílakjallara. Íbúðin skiptist í forstofu, þrjú svefnherbergi, þaðherbergi, þvottahús, eldhús og stofu. Frábær staðsetning stutt í skóla, leikskóla, golf og

V. 32.9 m.



Bjartahlíð - raðhús

Sérlega glæsilegt og mikið endurnýjað 112,6 fm raðhús með innbyggðum bílskúr við Björtuhlíð í Mosfellsbæ. Húsið skiptist í forstofu, hol, tvö herbergi, fallegt eldhús, bjarta borðstofu og stofu, glæsilegt baðherbergi með sturtu og nuddbaðkari og 22,8 fm bílskúr með góðu geymslulofti.

geymslulofti. Seljandi skoðar skipti á minni eign! V. 37,8 m.



🔀 Klapparhlíð - 4-5 herbergja

112,6 fm endaíbúð á 2. hæð í fjölbýli með opnum stigagangi. Íbúðin er teiknuð sem 5 herbergja, en er í dag 4ra herbergja, hægt að breyta aftur. Þrjú rúmgóð svefnherbergi, stofa og gangur með merbau parketi, flísar á baði og þvottahúsi og korkflísar á forstofu og eldhúsi. Eignin er laus til afhendingar. LÆKKAÐ VERÐ! V. 28,0 m.



Laxatunga - raðhús

Fallegt 181,5 fm raðhús með innbyggðum 26,5 fm bílskúr og geymslu á fallegum útsýnisstað. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu, borðstofu, eldhús, 2 barnaherbergi, hjónaherbergi, baðherbergi, gestasalerni og þvottahús. Inntak rafmags- og hita er komið

Húsið er tilbúið til afhendingar strax. V. 43,5 m.



Skeljatangi - 4ra herbergja

Falleg 94,2 fm 4ra herbergja íbúð á jarðhæð, með sérinngangi í litlu fjórbýli. Íbúðin skiptist í forstofu, hjónaherbergi, tvö góð svefnherbergi, geymslu með tengi fyrir þvottavél, baðherbergi með baðkari, eldhús, stofu og kalda útigeymslu. Úr stofu er gengið út á hellulagða verönd og góðan garð. V 24,8 m.



Grenibyggð - raðhús

Glæsilegt 164 fm endaraðhús á tveimur hæðum, auk risherbergis sem ekki kemur fram í fm tölu hússins. Á jarðhæð er eldhús, stór stofa, sólstofa, þvottahús og salerni, á 2. hæð eru 3 svefnherbergi, sjónvarpshol og fallegt baðherbergi og í rísi er stórt herbergi. Stórt hellulagt bílaplan fyrir framan bílskúr og mjög skjölgóður suðvesturgarður bakatil. Seljandi skoðar skipti á minni eign!! V. 41.9 m.



🕨 Tröllateigur - **m/ útsýni.**

Mjög falleg 3ja herb. 129,0 fm, endaíbúð á efstu hæð með einstöku útsýni, ásamt bílastæði i bílakjallara í glæsilegu fjölbýli við Tröllateig 24 í Mosfellsbæ. Íbúðin er glæsilega innréttuð. Á gólfum er eikarparket, ljósar flísar, en á baðherb. eru glerflísar. Þetta er glæsileg íbúð í vönduðu fjölbýli í miðbæ Mosfellsbæjar. V 34,5 m.



🕨 Spóahöfði - sérhæð

Mjög falleg 208,4 fm efri sérhæð með innbyggðum bílskúr í útjaðri byggðar. Hús teiknað af Kjartani Sveinssyni. 4 svefnherbergi. Sérsmíðaðar innréttingar, vönduð eldhústæki. Náttúrusteinn og parket á gólfum. Glæsilegt útsýni er yfir golfvöllinn, niður að Leirvoginum og út á Faxaflóa og til Esjunnar. Mjög stórar verandir eru í kringum húsið. Heitur pottur. Frábær staðsetning.

🕨 Fálkahöfði - 3ia herbergia

Falleg 103,9 fm, 3ja herbergja endaíbúð á jarðhæð í 3ja hæða fjölbýli við Fálkahöfða í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, eldhús með borðkrók, þvottahús, tvö rúmgóð herbergi, þaðherbergi með sturtu og baðkeri og sérgeymslu. Frábær staðsetning, stutt í skóla, leikskóla og

sund. Íbúðin er laus til afhendingar strax!

V. 24,9 m.



🔪 Skeljatangi - 4ra herbergja

Falleg og vel skipulögő 94,2 fm 4ra herbergja íbúð á 2. hæð með sérinngangi og svölum í fjórbýli við Skeljatanga í Mosfellsbæ. Falleg íbúð sem skiptist í forstofu, gang, hjónaherbergi, tvö góð barnaherbergi, þvottahús, baðherbergi, stofu, eldhús og gott geymsluloft. V. 25,7 m.



Tröllateigur - 3ja herbergja

Mjög falleg 94 fm, 3ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngangi og afgirtum garði í fallegu fjórbýlishúsi. Tvó rúmgóð herbergi, eikarparket og flísar eru á gólfum og innréttingar úr eik. Þetta er falleg og vönduð 3ja herbergja íbúð á góðum stað, stutt í skóla, íþróttasvæði, Bónus og miðbæ Mosfellsbæjar.

V. 26,5 m.



Klapparhlíð - 4ra herbergja

Mjög falleg 97 fm, 4ra herb. endaíbúð á 2. hæð í 3ja hæða fjölbýli. Íbúðin er með eikarparketi og mahony innréttingum. Flísalagt baðherbergi m. sturtu og sérþvottahús. Frábær staðsetning! Lækkað verð. Möguleiki á að yfirtaka allt að 90% lán frá Landsbankanum. V. 24.9 m.



Hjallahlíð - 2ja herbergja

Rúmgóð 64,1 fm, 2ja herbergja íbúð á jarðhæð í litlu fjölbýli með sérinngangi og stórri verönd í suður. Íbúðin skiptist í forstofu, gang, rúmgott svefnherbergi, góða geymslu (sem hægt er að nota sem leikherb. eða tölvuherb.), baðherbergi, bvottahús, stofu og eldhús með borðkrók. V. 19,9 m.



"Komdu út" með skátafélaginu

Á morgun, laugardag, stendur skátafélagið Mosverjar fyrir gönguferð á Mosfell. Undanfarin tvö ár hafa Mosverjar staðið fyrir gönguferðum um nágrenni Mosfellsbæjar fyrir alla fjölskylduna. Safnast verður saman við skátaheimilið við Brúarland kl. 10. Veðurspáin er góð og tekur gangan um 2-3 tíma. Fararstjóri er Ævar Aðalsteinsson.

Ljósið í myrkrinu

"Upplifðu allt" hópurinn - All Senses Group á Vesturlandi stendur fyrir viðamikilli dagskrá í nóvember mánuði. Eitt af markmiðum verkefnisins er að kynna Vesturland sem áhugaverðan kost fyrir innlenda og erlenda ferðamenn. Úr Kjósinni eru Ferðaþjónustan á Hjalla og Ferðaþjónustan í Eyrarkoti þátttakendur í starfi hópsins, en hópurinn hélt aðalfund sinn í Eyrarkoti í síðustu viku. Í Mosfellsbæ tekur Gljúfrasteinn þátt í verkefninu sem hægt er að skoða nánar á www. westiceland.is



Góður árangur í skólahlaupi

Nemendur í 4.-10. bekk Lágafellsskóla tóku þátt í skólahlaupi UMSK föstudaginn 17. október. 60 krakkar úr Lágafellsskóla skráðu sig en met þátttaka var í hlaupinu. Þess má geta að allir nemendur stóðu sig mjög vel en Lágafellsskóli átti nemendur í öllum verðlaunaflokkum. Fjórði bekkur var sérstaklega öflugur en þar fengu nemendur afhentan sérstakan bikar fyrir frábæran árangur í sveitakeppni.





Óðinn Pétur veislustjóri kvöldsins.



Boðið var upp á girnilegt Sushi.



Bryndís Bjarnarson og magadansararnir.

Framsóknarfélag Mosfellsbæjar gerði sér glaðan dag þann 1. nóvember

Haustfagnaður og ný stjórn

Aðalfundur Framsóknarfélagsins fór fram á dögunum í félagsheimilinu í Háholti. Mikil endurnýjun er í nýrri stjórn sem kosin var en hana skipa: Óðinn Pétur Vigfússon formaður, Gunnar Einarsson, Hlynur Þórisson, Kristmundur Þórisson, Guðni Þorbjörnsson, Sveinbjörn Ottesen og Ingveldur Bjarnarson.

Um kvöldið var svo haldin árlegur haustfagnaður félagsins. Heiðursgestur kvöldsins var Bjarni Harðarson f.v. alþingismaður, veislustjóri var nýkjörinn formaður félagsins, Óðinn Pétur og um matinn sá Óli Tran.



Knattspyrnudeild mótar metnaðarfulla stefnu

Stólað á ungviðið

Stjórn Knattspyrnudeildar Aftureldingar hefur mótað metnaðarfulla stefnu, sem miðar að því að byggja meistaraflokka félagsins á komandi árum, sem mest á þeim efniviði sem nú er að alast upp hjá félaginu.

Flestir yngri flokkar hjá knattspyrnudeild eru mjög fjölmennir. Krafa um aukna menntun þjálfara fylgir því að meistaraflokkur karla komst upp í 1. deild s.l. sumar og þarf að gangast undir leyfiskerfi KSÍ.

Því eru blómlegir tímar framundan hjá þessari stærstu deild innan Ungmennafélagsins Aftureldingar.

Knattspyrnudeild Aftureldingar á nú í viðræðum við Fjölni um að senda sameiginlegt lið til keppni í 2. flokki og meistaraflokki kvenna. Með þessu samstarfi gefst stúlkum á 2. flokki í Mosfellsbæ aukin tækifæri til knattspyrnuiðkunar. Einnig eru 3., 4., og 5. flokkur í kvennaboltanum allir mjög efnilegir og náðu góðum árangri í sumar.





Sunnudaga 16-18°° Miðvikudaga 16-18°°

Merkjateigur 6, Mosfellsbæ Hjá Lenku, sími: 552-5808, 822-7750

Halló Halló

Nú er tækifærið!

Ertu gamall eða ungur körfuboltamaður? Áttu kannski lítil kríli sem hafa gaman af körfu? Endilega láttu þá sjá þig í

íþróttahúsinu að Varmá á sunnudögum kl. 13:30 og eignumst góða fjölskyldudaga í körf-

unni í Mosfellsbæ.

Nánari upplýsingar í síma 693 4061 Sveinbjörg



Aðalfundur

Aðalfundur Vinstri grænna í Mosfellsbæ verður haldinn í Hlégarði (uppi) bann 26. nóvember kl. 20.

Venjuleg aðalfundarstörf. Önnur mál.

Sérstakir gestir verða þau: Ögmundur Jónasson þingmaður og Guðfríður Lilja Grétarsdóttir varaþingmaður í suðvestur kjördæmi. Þau munu m.a. ræða við okkur um stjórnmál og þá með sérstöku tilliti til efnahagsmála frá sjónarhorni okkar Vinstri grænna. Ekki missa af því.

Stjórn Vinstri grænna í Mosfellsbæ



SÍMI: 55 44444 Hrói Höttur, Þverholti 2, Kjarna

	A Value of the last of the las				401
PIZZUR 🕠	1	9"	12"	15"	18"
MARGARITA	m/sósu og osti	970	1390	1680	1990
KRYDDPIZZA	m/osti og kryddblöndu	970	1390	1680	1990
SJÁVARRÉTTAPIZZA	m/sósu, osti, rækjum, túnfiski og kræklingi	1450	2020	2650	3470
HAWAII	m/sósu, osti, skinku og ananas	1240	1790	2360	2920
SOMBRERO	m/sósu, osti, nautahakki, sveppum og pepperoni	1450	2020	2650	3470
HRÓI HÖTTUR	m/sósu, osti, skinku, pepperoni, ananas og lauk	1570	2250	2990	3580
BOLOGNESE	m/sósu, osti, nautahakki, sveppum og papriku	1450	2020	2650	3470
MEXICANA	m/sósu, osti, kjúklingi, nachos,				
	lauk, papriku, rjómaosti og jalapenos	1570	2250	2990	3580
HRÓI FAJITAS	m/sósu, osti, kjúklingi, hvítlauk, sveppum og maískorni	1450	2020	2650	3470
GRÆNMETISPIZZA	m/sósu, osti, tómötum, sveppum, lauk, ólífum og gráðosti	1570	2250	2990	3580
AMERICANA	m/sósu, osti, pepperoni, sveppum og lauk	1450	2020	2650	3470
OSTAVEISLA	m/sósu, camembert, gráðosti, parmesan og piparosti	1510	2100	2740	3270
SPECIALE	m/sósu, osti, skinku, sveppum, pepperoni og jalapenos	1570	2250	2990	3580
PEPPERONI	m/sósu, osti, auka pepperoni, jalapenos, ólífum og grænum pipar	1570	2250	2990	3580
JUVENTUS	m/sósu, osti, pepperoni, ananas og sveppum	1450	2020	2650	3470
PIZZA BANANAS	m/sósu, osti, pepperoni, banönum og ananas	1450	2020	2650	3470
SUPREME	m/sósu, auka osti, nautahakki, skinku,				
	pepperoni, sveppum, papriku, ananas og lauk	1590	2570	3250	4390
KJÖTVEISLA	m/sósu, pepperoni, nautahakki og beikoni	1450	2020	2650	3470
HVÍTLAUKSBRAUÐ	m/osti, kryddi og hvítlauksolíu	970	1390	1680	1990

BRAUÐSTANGIR - LÍTILL KR. 550 / STÓR 650

VELJIÐ SJÁLF ÁLEGG

8. paprika
9. laukur
10. ananas
11. tómatar
12. ólífur
13. bananar
14. þistilhjört

15. hvítlaukur 16. jalapenos 17. sólburrkaðir tómatar 18. maískorn

19. rjómaostur 20. gráðostur 21. piparostur

Verð á hvert álegg: 22. parmesan 23. camembert 24. auka ostur 25. rækjur 26. túnfiskur 27. kræklingur

28. ansjósur

Grunnverð á pizzu:

9" 970 1390 1680 290 420

29. chili pipar 30. svartur pipar 31. hvítlaukspipar

32. hvítlaukssalt 33. grænn pipar

34. oregano

30% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM SÓTTUM PIZZUM

30. HRÓA BORGARI / TVÖFALDUR 1200/1490 Kr. Með salati, osti og okkar frábæru Hróa Hattar sósu

31. BARBEQUE BORGARI 1310 Kr. Með osti, salati, tómötum, súrum gúrkum og BBQ sósu

1420 kr.

33. BEIKON BORGARI Með beikoni, osti, salati, lauk og sósu



GOSDRYKKIR

0.5L kr. 200 1L kr. 250 2L kr. 350





Er veisla framundan?

1990

510

30 tommu pizzan okkar hentar frábærlega í pizzapartý, barnaafmæli eða t.d. fótboltaveislur.

Sjö ný fræðsluskilti

Ákveðið var á síðasta fundi atvinnu- og fræslunefndar að fjölga fræðsluskiltum á merkum

stöðum í Mosfellsbæ. Bjarki Bjarnason sagnfræðingur mun sjá um þetta verkefni sem fyrr fyrir bæinn. Skiltin verða á eftir-



farandi stöðum: við Tröllafoss í Leirvogsá, Félagsheimilið Hlégarð, Seljadal, Leirvogsvatn, við norðvesturenda Hafravatns, undir Hamrahlíð og við Blikastaðakró.



Nýjasta nýtt er gamalt og gott

"Uppeldi er alltaf hluti af mannlífi og verkefni sem er ekki að öllu leyti tæknilegt eða fræðilegt, heldur eitthvað sem allir kunna eitthvað í bara með því að vera manneskjur," segir Sigurður Júlíus Grétarsson, prófessor í sálfræði við Háskóla Íslands. Hann heldur fyrirlestur á opnu húsi sem Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar stendur fyrir þann 26. nóvember og hefst kl. 19.30 í Listasal Mosfellsbæjar. Fyrirlesturinn er undir yfirskriftinni: "Nýjasta nýtt er gamalt og gott" og ætlar Sigurður meðal annars að fjalla um tískustefnur í uppeldismálum og að foreldrar þurfi ekki að vera miður sín yfir því að vera ekki með á nótunum yfir nýjustu fræðikenningunum.



Sungið saman í hátíðarsalnum

Fífilbrekkuhópurinn og Skólakór Varmárskóla efna til sannkallaðra fjölskyldutónleika á morgun kl. 15. Tónleikarnir fara fram í hátíðarsal Varmárskóla og verða leikin og sungin þekkt lög sem áheyrendur geta sungið með. Tónleikarnir eru hluti af tónlistarhátíð í tilefni 70 ára afmælis tónskáldsins Atla Heimis Sveinssonar.

Blakdeild Aftureldingar stendur vel að vígi eftir fyrri hluta Íslandsmótsins

Stefnt að titli á afmælisári

Helgina 24.-25. október fór fram fyrrihluti Íslandsmóts fyrir 4. og 5. flokk í blaki. Afturelding sendi til leiks tvö lið í 5. fl. A liða og eitt í 5. fl. C liða en það eru krakkar sem byrjuðu að æfa í haust. Öll þessi lið náðu frábærum árangri þar sem þau enduðu öll í 2.-3. sæti á mótinu. Í 4.fl. pilta sendum við einnig eitt lið sem einnig var í 2.-3. sæti eftir fyrri hluti Íslandsmótsins.

Um síðustu helgi var svo haldinn fyrri hluti Íslandsmóts í 2. og 3. flokki og átti Afturelding eitt lið í 3. fl. pilta. Þeir gerðu sér lítið fyrir og unnu alla sína leiki á mótinu og eru því taplausir eftir fyrri hlutann. Krakkarnir stóðu sig virkilega vel bæði innan vallar og eftir þessu að dæma er von til þess að blakdeild Aftureldingar hampi Íslandsmeistartitli á afmælisári félgsins 2009.



Opið bréf til bæjarbúa - ósk um stuðning

Ágætu Mosfellingar

Haustið 2006 var ákveðið að endurreisa meistaraflokk kvenna í knattspyrnu hjá Aftureldingu eftir margra ára hlé. Ráðinn var þjálfari og æfingar stundaðar af miklum krafti um veturinn. Vorið 2007 var komið að prófrauninni þegar liðið hóf keppni í 1. deild Íslandsmótsins. Er skemmst frá því að segja að árangur liðsins fór fram úr björtustu vonum og niðurstaðan varð sú að Afturelding var annað tveggja liða sem unnið hafði

sér sæti í úrvalsdeildinni að ári.

Með því var ljóst að á brattann yrði að sækja og að mikið og erfitt uppbyggingarstarf væri framundan til að halda þessum sessi. Með þrotlausum æfingum liðsmanna, ómældu sjálfboðaliðastarfi stjórnar meistaraflokksins og annarra velunnara liðsins, sem og styrkjum frá einstaklingum, fyritækjum og bæjarstjórn þá náðust þau markmið sem stefnt var að í sumar; liðið hélt sæti sínu í deildinni og gott betur og varð 6. í röðinni af tíu liðum.

Góður árangur er ekki sjálfgefinn og næst ekki nema með öflugri umgjörð, góðum þjálfurum, áhugasömum og hæfileikaríkum leikmönnum, metnaðarfullu starfi yngri flokka, og stuðningi og hvatningu foreldra og fylgismanna. Góður árangur meistaraflokks er iðkendum yngri flokka fyrirmynd, stuðlar að fjölgun þeirra og auknum áhuga og metnaði til að ná árangri. Samfélagslegur ávinningur þess er öllum ljós, enda umtalsvert minni líkur á því að ungmenni sem stunda íþróttir leiðist út í notkun vímuefna hvers konar. Sá árangur verður vart metinn til fjár.

En góður árangur næst ekki einungis með mikilli vinnu og áhuga; án fjárstuðnings yrði leiðin nánast ófær. Meistaraflokkur kvenna hjá Aftureldingu ætlar sér stóra hluti, ekki einungis að halda sæti sínu í úrvalsdeildinni heldur er stefnan tekin á efstu sæti hennar. Til þess að svo megi verða er það einlæg von okkar sem að liðinu standa að bæjarbúar taki vel í beiðni liðsins um fjárstuðning. Ákveðið hefur verið að senda kröfu í heimabanka bæjarbúa að fjárhæð kr. 1.900 fyrir einstaklinga og kr. 9.900 fyrir fyrirtæki. Að sjálfsögðu er engum skylt að greiða þetta, en það er von okkar að sem flestir sýni samstöðu og styðji okkur. Verði þetta ekki greitt innan tveggja mánaða mun krafan detta sjálfkrafa út úr heimabanka viðkomandi.

Við munum ekki kynna þetta á annan hátt en hér er gert, vegna þess að annars færi meginhluti þess sem safnaðist í prentun, dreifingu og hönnun á slíku kynningarbréfi. Því förum við þessa leið og vonum að bæjarbúar sýni því skilning.

Saman getum við myndað sterka heild.

F.h. stjórnar meistaraflokks kvenna í knattspyrnu hjá Aftureldingu Hallur Birgisson, Tryggvi Þorsteinsson, Gylfi Dýrmundsson, Bóel Kristjánsdóttir, Sólrún E. Rögnvaldsdóttir, Gústav Gústavsson og Karl Helgi Jónsson.

Námskeið í skyndihjálp

Kjósarsýsludeild Rauða kross Íslands heldur námskeið í almennri skyndihjálp laugardaginn 29. nóvember n.k. kl.10-15 í húsnæði deildarinnar að Þverholti 7.

Námskeiðið er gjaldfrítt

Á námskeiðinu læra þátttakendur grundvallaratriði í skyndihjálp og endurlífgun. Markmiðið er að þátttakendur verði hæfir til að veita fyrstu hjálp á slysstað.

> Skráning í síma: 8986065 eða með tölvupósti kjosarsysla@redcross.is



María Ólafsdóttir 10. SÓ

Sigraði Samstuð

Síðastliðna helgi fór félagsmiðstöðin Bólið með 15 manna hóp á SAMSTUÐ á Selfossi. Krakkarnir gistu tvær nætur í Vallaskóla og skemmtu sér mjög vel. Á föstudaginn var haldið ball þar sem DJ Guru og DJ Heiðar Austmann héldu uppi stuðinu. Á laugardeginum var söngvakeppni milli 16 félagsmiðstöðva. Fulltrúi Bólsins var María Ólafsdóttir í Lágafellsskóla sem gerði sér lítið fyrir og sigraði keppnina. María söng lagið Inside your heaven og var henni fagnað mikið þegar úrslit lágu ljós fyrir. Aðal söngvakeppni Samfés fer fram í Laugardalshöll í febrúar og verður María þar að sjálfsögðu sem fulltrúi Bólsins.



TÓNLISTARPERLUR OG TEXTAR LAXNESS Á NÝJUM GEISLADISKI

... OG FJÖLLIN URÐU KYR



HÓPUR FRAMÚRSKARANDI LISTAMANNA FLYTUR DAGSKRÁ FLÉTTAÐA ÚR TÓNLIST, KVÆÐUM HALLDÓRS LAXNESS OG FRÁSÖGNUM ÚR MOSFELLSSVEIT.

SÖLUSTAÐIR: GLJÚFRASTEINN · BÓKASAFN MOSFELLSBÆJAR · ÞJÓNUSTUVER MOSFELLSBÆJAR



Viðburðaríkt Ból


Bólið er komið á flug og mun halda áfram starfsemi sinni fyrir unglinga Mosfellsbæjar í allan vetur. Í haust hefur Bólið staðið fyrir hinum ýmsu viðburðum. Bólráð var kosið og fóru krakkarnir í merka ferð í Garð í Reykjanesbæ á Landsmót Samfés þar sem þau máluðu bæinn rauðan. Í október var Bólnótt haldin, en hún er ávallt með vinsælli viðburðum Bólsins. Aðrir atburðir svo sem Draugakvöld bar sem starfsmenn hræddu líftóruna úr greyið krökkunum og söngvakeppni Bólsins heppnuðust einstaklega vel og er bað aðeins forsmekkurinn að því sem koma skal í Bólinu. Nú eru að fara af stað ýmsir hópar, þ.á.m. blogg/blaðahópur og vídeó/sketsahópur sem munu starfa í vetur. Þá styttist í Sportflipp í íþróttahúsinu og síðast en ekki síst Árshátíð Bólsins! Minnum unglinga og foreldra á heimasíðu Bólsins: bolid.bloggar.is





Fuglaskoðunarhúsið sem fór | Til hamingju Mosfellingar mörg hundruð prósent fram úr kostnaðaráætlun

Þann 30. október sl. birtist á heimasíðu Framsóknarfélags Mosfellsbæjar (mosfellsfrettir.is) frétt þess efnis að byggingarkostnaður fuglaskoðunarhúss í Leiruvogi sem Mosfellsbær byggði í ár hafi farið langt fram úr fjárheimildum. Forseti bæjarstjórn-



Kostnaðaráætlun fyrir fuglaskoðunarhús í Leiruvogi var lögð fram á fundi atvinnu- og ferðamálanefndar þann 1. apríl sl. Áætlaður kostnaður við húsið sjálft var 250 þúsund krónur en nefndin óskaði jafnframt eftir 600 þúsund króna fjárveitingu til þess að standa straum af kostnaði við að láta útbúa og koma fyrir myndum og söguskrifum um þær fuglategundir sem hafa viðkomu í Leiruvogi. Um þetta voru allir fulltrúar í nefndinni sammála.

Það var ekki fyrr en á fundi bæjarstjórnar þann 22. október sl. að það upplýstist fyrir tilviljun að kostnaður við húsið hefði farið langt fram úr heimildum og endað í á fjórðu milljón. Verkefnið fór mörg hundr-



uð prósent fram úr áætlun og engin heimild var fyrir framúrkeyrslunni. Það upplýstist þó að millifært hefði verið á milli liða í fjárhagsáætlun og m.a. teknir peningar úr undirbúningi að fyrirhuguðum ævintýra-

Málið er allt hið ótrúlegasta og kjörnum fulltrúum meirihlutans sem komu að því ekki til sóma. Hvað varðar vindhögg forseta bæjarstjórnar þá er ekkert sorglegt við það að við framsóknarmenn gerum athugasemdir við það hvernig með fé úr sjóðum Mosfellsbæjar er farið. Það er fullkomlega eðlilegt að gagnrýna það þegar verk fer mörg hundruð prósent fram úr kostnaðaráætlun og hlýtur maður að spyrja hvernig slíkt gat gerst.

Ég vil hins vegar að lokum óska áhugasömu fuglaskoðunarfólki til hamingju með þá aðstöðu sem það hefur nú fengið í Leiruvogi enda er stærsta fæðuöflunarsvæði vaðfugla á höfuðborgarsvæðinu. Þá skapast í tengslum við það mörg tækifæri til bess að efla kennslu í náttúru- og umhverfisfræðum í Mosfellsbæ.

Eggert Sólberg Jónsson, fulltrúi B lista í atvinnu-og ferðamálanefnd

Nú um mánaðamótin tók Mosfellsbær við rekstri Íþróttamiðstöðvarinnar við Lækjarhlíð. Þetta eru stærri tíðindi en margan grunar enda hafa líklega ekki allir gert sér grein fyrir því að hún væri ekki að öllu leyti í rekstri og eigu bæjarfélagsins.

Þetta eru mjög jákvæðar fréttir fyrir alla Mosfellinga því nú höfum við full umráð yfir eigninni og rekstrinum sem er að stærstum hluta til notuð af skólum bæjarins.

Þetta breytta eignarhald gefur líka kost á samlegðaráhrifum með Íþróttamiðstöðinni að Varmá m.a. í nýtingu, innkaupum og manna-

Íþróttamiðstöðin við Lækjarhlíð var áður í eigu fyrirtækis sem var í 50% eigu Nýsis og 50% í eigu Mosfellsbæjar, "Fasteignarfélaginu Lækjarhlíð" en Nýsir Services sá um rekst-

Það var seinni hluta árs 2005 að miklar deilur voru í bæjarstjórn Mosfellsbæjar um eignar- og rekstrarfyrirkomulag þessarar íþróttamiðstöðvar. Við framsóknarmenn vildum að íþróttamiðstöðin væri í eigu og rekstri bæjarfélagsins en sjálfstæðismenn, sem þá voru í meirihluta, völdu leið einkavæðingar eða "nýtt" rekstrarfyrirkomulag, svokallað Private Public Partnership (PPP). Fagurgalinn var mikill og greinar skrifaðar um kosti þessa en endalokin liggja

Við undirbúning þessa nýja fyrirkomulags hafði KPMG verið fengið



til þess að bera saman kosti mismunandi eignarrekstrarforma og var það niðurstaða þeirra að með núvirðisgreiningu á valkostum við eignarhald og rekstur Íþróttamiðstöðvarinnar við Lækjarhlíð munaði 5,3 milljónum á ári.

Ekki töldum við framsóknarmenn á það hættandi fyrir svo lítinn ávinning að binda hendur og frjálsræði sveitarfélagsins í tugi ára. Betra væri að geta mætt síbreytilegum þörfum íbúanna á þjónustu með fullu eignarhaldi bæjarfélagsins á íþróttamiðstöðinni. Töldum við því hagsmunum íbúanna betur borgið til lengri tíma litið með því að bæjarfélagið ætti og ræki íþróttamiðstöðina.

Nú er það svo að við samanburð á kostum var gengið út frá ákveðnum forsendum. Þessar forsendur gagnrýndum við líka og sýndum m.a. fram á að tekjur væru vanreiknaðar en á það hlustaði meirihluti sjálfstæðismanna ekki. Það kom síðar í ljós að tekjurnar fóru jafnvel fram úr okkar áætlunum. Gagnrýni okkar í þessu máli náði til mun fleiri þátta sem ég ætla ekki að rekja hér.

Að lokum vil ég segja "Til hamingju Mosfellingar", nú er í þróttamiðstöðin að fullu í okkar eigu eins og hún hefði alltaf átt að vera.

> Marteinn Magnússon bæjarfulltrúj Framsóknar

Stöndum saman á erfiðum tímum

Það eru vissulega sögulegir tímar sem við Íslendingar erum að upplifa í kjölfar hruns á fjármálamörkuðum. Ljóst er að ástandið í þjóðfélaginu hefur víðtæk áhrif á unga sem aldna, enda aðstæður sem margir hafa aldrei upplifað fyrr. Þeir, sem meiri lífsreynslu

hafa, stappa stáli í landann og minna á að um tímabundna erfiðleika sé að ræða sem Íslendingum takist að vinna sig út úr, það sanni sagan.

Í þessari grein ætla ég ekki að fjalla um ástæður kreppunnar, heldur viðbrögð og viðbúnað Mosfellsbæjar vegna breyttrar stöðu í samfélaginu. Undir eins og ljóst var í hvað stefndi fór Mosfellsbær af stað með vinnu við að greina ástandið, stöðu Mosfellsbæjar í breyttu efnahagsumhverfi og hugsanleg verkefni.

Þetta er ekki ólíkt því skipulagi sem unnið er eftir í kjölfar náttúruhamfara, enda vissulega um samfélagslegt áfall að ræða. Bæjarráð sambykkti að stofna samstarfshóp og kalla til þá aðila sem starfa að velferðarmálum og stuðningi við íbúa í Mosfellsbæ. Þetta eru, auk Mosfells-



bæjar og stofnana, heilsugæslan, kirkjan og Rauði krossinn, en vissulega verða fleiri öflugir aðilar virkjaðir s.s. félagasamtök og íþróttafélög. Einnig er samráð við Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna og Vinnumálastofnun, sem

og upplýsingaveitu félags- og tryggingamálaráðuneytisins sem sett var á fót vegna ástandsins.

Samstarfshópurinn fór strax í það að skipuleggja starfið framundan, hvernig hægt yrði að mæta aukinni þjónustuþörf og styðja einstaklinga í því að takast á við tímabundna erfiðleika. Samhæfing aðstoðar og upplýsingagjöf er stór liður í hjálparstarfi og fórum við strax í það að afla upplýsinga sem okkur þótti líklegt að nýst gætu við þessar aðstæður. Það kom okkur mest á óvart hvað mikið var til af alls kyns upplýsingum um aðstoð og sjálfshjálp hjá hinum ýmsu þjónustustofnunum. Það sem vantaði var að safna þeim saman á einn stað og úr varð Ráðgjafartorg Mosfellsbæjar, sem vistað er undir slóðinni www.mos.is/radgjafartorg

Það er mikilvægt að taka strax mark á þeim viðvörunarljósum sem kvikna og því hvet ég Mosfellinga til að kynna sér þá ráðgjöf og aðra bjónustu sem er í boði á vegum bæjarfélagsins og annarra og leita eftir aðstoð ef þeir þurfa.

Í menningarbænum Mosfellsbæ er ýmislegt skemmtilegt í boði á næstunni sem vert er að kynna sér. Skátafélagið Mosverjar stendur fyrir fjölskyldugöngu á Mosfell laugardaginn 15. nóvember og sama dag verður félagsstarf eldri borgara með basar í bókasafninu. Kirkjan verður með kvöldkirkju á fimmtudagskvöldum í nóvember og desember í Lágafellskirkju. Kvennakórinn Heklurnar í Mosfellsbæ halda tónleika í Mosfellskirkju 16. nóv. og er þema tónleikanna textar eftir Halldór Laxness við lög eftir ýmsa höfunda. Bókasafnið verður með bókmenntakvöld þann 19. nóvember og Rauði krossinn verður með sparifatasöfnun þann 22. nóvember en þá er upplagt að taka til í skápnum og gefa spariföt sem geta nýst öðrum. Þann 26. nóvember verður opið foreldrahús í Listasal Mosfellsbæjar, þar sem rætt verður um strauma og stefnur í uppeldisaðferðum. Allir þessir viðburðir eru skráðir inni á heimasíðu Mosfellsbæjar. og í viðburðadagatal Ráðgjafartorgs sem vistað er undir flipanum "opin hús" á mos.is/rad-

Margir eru að takast á við breyttar aðstæður í sínu lífi og vil ég minna á hve mikilvægt það er að huga að náunganum og styðja vel við bakið á þeim sem gæti þurft á uppörvun að halda. Við erum öll á sama báti og þurfum að sigla saman í gegn um hið mikla öldurót sem framundan er. Stöndum saman.

> Herdís Sigurjónsdóttir, formaður bæjarráðs

Aðsendar greinar

Hámarkslengd greina í Mosfelling er 500 orð. mosfellingur@mosfellingur.is Greinum skal fylgja fullt nafn ásamt mynd af höfundi.

FRÓÐLEIKSNÁMA UM SÖGU MOSFELLSBÆJAR

Sjaldan eða aldrei hefur komið út jafn glæsileg byggðarsaga og *Mosfellsbær, saga byggðar í 1100 ár*. Bókin er öll litprentuð og afar vönduð að allri gerð. Hana prýða yfir 700 myndir sem fæstar hafa birst áður.

Mosfellsbær, saga byggðar í 1100 ár er einstaklega glæsileg gjöf og skyldueign allra sem vilja kynna sér sögu Mosfellsbæjar.

MOSFELLSBÆR SAGA BYGGÐAR Í 1100 ÁR

eftir Bjarka Bjarnason og Magnús Guðmundsson

fæst nú á sérstöku tilboðsverði í þjónustuveri og á bókasafni Mosfellsbæjar.





ÞJÓNUSTUVER MOSFELLSBÆJAR · KJARNA · ÞVERHOTLI 2 · 270 MOSFELLSBÆ · SÍMI 525 6700



Heyrst hefur...

- ...að Siggi í Bónusvideo sé tekinn aftur við sjoppunni.
- ...að blokkin í Helgafellshverfi sé kölluð húsið á sléttunni.
- ...að Örn Kjærnested hafi orðið sextugur í vikunni.
- ...Örn Ingi Bjarka Sigurðssonar sé farinn í FH en hann er einn efnilegasti handboltamaður landsins um þessar mundir.
- ...að Mosfellsbær hafi beðið lægri hlut fyrir Árborg í spurningaþættinum Útsvar.
- ...að Bjarki Bjarna hafi fórnað sér fyrir bæjarfélagið í Útsvari en hann flaug nú tvisvar á hausinn.
- ...að Afturelding hafi misst góðan leikmann úr kvennaboltanum. Mist Edvardsdóttir er farin í KR.
- ...að Júlli í Nóatúni "yngri" hafi fundið ástina í Danmörku.
- ...að fasteignasalan ReMax sé hætt starfsemi í Mosanum.
- ...að Mosfellsku fjórburarnir séu skriðnir yfir tvítugt.
- ...að Olga sé tekin við Texture og Fanný sé komin aftur.
- ...að tippið að Varmá sé byrjað aftur á laugardagsmorgnum kl. 11.
- ...að búið sé að stofna grúbbu á Facebook fyrir þorrablót Aftureldingar 2009.
- ...að Gunni á hjólinu hafi auglýst eftir konu í þætti Simm og Jóa á Bylgjunni.
- ...að Ragnheiður Ríkharðs sé farin að láta til sín taka á Alþingi. Hún vill seðlabankastjórann burt.
- ...að Biggi Haralds Gildusöngvari sé að leggja lokahönd á sólóplötu með trúarlegu ívafi.
- ...að Hrói höttur sé byrjaður með hamborgara í Mosó.
- ...að Stefanía Hulda eigi afmæli í dag.
- ...að Elli og Halla Karen hafi tekið þátt í New York maraþoninu fyrr í mánuðnum.
- ...að meðal umsækjenda um skólastjórastöðu við framhaldsskólann í Mosfellsbæ sé Willum Þór þjálfari Vals í fótbolta. 12 umsækjendur eru um stöðuna.
- ...að bæjarstarfsmenn séu byrjaðir að skreyta miðbæinn fyrir jólin.



Fjölmenni var við opnun sýningarinnar og margt athyglisvert að sjá



Kristín Pálsdóttir ekkja Ragnars Lár og Barbara Kristín Kristjánsdóttir



Gerður, Valborg og Fríða Lárusdætur frá Brúarlandi



Ágústa Winkler, Sturlaugur Tómasson og Stefán Teitsson

Sýning á verkum Ragnars Lár í Listasalnum

Verk eftir Ragnar Lár

Nú stendur yfir í Listasal Mosfellsbæjar sýning á málverkum og teikningum listamannsins Ragnars Lár. Ragnar hóf undirbúning sýningarinnar fyrir tveimur árum en tókst ekki að ljúka

árum en tókst ekki að ljúka honum áður en hann lést. Ætlun hans var að sýna brot af því sem hann hafði unnið í myndlist allt frá árinu 1956 til 2001. Sýningin stendur til 22. nóvember.

Ragnar Lárusson var fæddur að Brúarlandi í Mosfellssveit 13. desember 1935. Hann stundaði nám í Myndlista- og handíðaskóla Íslands og starfaði sem myndlistarkennari um margra ára skeið. Einnig starfaði Ragnar lengi sem blaðamaður

og teiknari og kunn er teiknifígúra hans Boggi blaðamaður sem birtist fyrst í Vísi og síðar í Dagblaðinu og Tímanum. Þá samdi og teiknaði Ragnar barnabækur um Mola litla flugustrák

og urðu þær alls sjö. Ragnar gerði þætti um Valla víking en þær voru fyrstu hreyfimyndirnar sem birtust í íslenska sjónvarpinu.



Syngur sig frá kreppunni!

Karlakór Kjalnesinga hefur næg verkefni og farið var í upptöku á nokkrum lögum í Fella og Hólakirkju í byrjun október. Fyrirhugað er að koma út nýjum geisladiski á næsta ári. 19. október söng kórinn við þrjár messur í Reynivallasókn og 25. október var hann gestur á 50 ára afmælistónleikum Kórs Átthagafélags Strandamanna. Þann 3. desember mun kórinn syngja á aðventutónleikum í Hlégarði en nú eru 6 ár síðan kórinn gaf út jóladiskinn: Kemur heilög hátíð. Hægt er að nálgast hann í Hlín Blómahús næstu vikurnar. Eftir jól bíða kórsins fjölbreytt verkefni, heimsókn til Karlakórs Hreppamanna, áframhaldandi upptökur auk þess sem kórinn hyggst standa fyrir þorrablóti á Kjalarnesi. Enn getur kórinn bætt við sig söngmönnum ekki síst djúpum bössum. Áhugasömum ér bent á að hafa samband við Pál Helgason í síma 8960415 eða Guðmund Guðlaugsson í síma 6603803.

> Pegar kreppa stendur stór, má sturlun allri fresta: Syngdu hátt í karlakór um konur, vín og hesta. G.G

Í eldhúsinu\

Pasta með rjómasósu

Margrét Haraldsdóttir framhaldsskólakennari gefur okkur uppskrift að þessu sinni.

"Ég fékk uppskriftina frá Regínu systur minni og þetta er mjög vinsæll réttur á mínu heimili, hann er bæði ódýr og svo er mjög fljótlegt að búa hann til. Það er hægt að stjórna magninu með því að hafa meira eða minna af pastaskrúfunum."

Pastaskrúfur þrílitar eru soðnar. Sósan:

1 pk. bacon

- 1 dós íslenskir Flúðasveppir
- 1 laukur
- 1 kubbur nautakraftur Matreiðslurjómi
- 1/2 piparostur
- salt eftir smekk
- 1/2 pk. skinkustrimlar

Baconið er steikt fyrst á pönnu og lagt til hliðar. Síðan eru sveppir og smásaxaður laukur steikt í baconfeitinni og smjöri. Saltað þegar sveppirnir hafa tekið lit. Svo er matreiðslurjómanum hellt yfir og látið sjóða



með piparostinum og nautakraftinum. Síðast er skinkustrimlar settir út í.

Skrúfurnar eru settar í skál, baconið sett ofan á og sósunni helt yfir. Mjög gott með ristuðu brauði.







Ertu farin að huga að jólunum?



DANÍEL: Óó já!



ÓLAFUR: Já, ég er byrjaður að huga að pökkunum.



SIGGI: Nei, alls ekki.



ÁSTA: Já, búinn að kaupa allar gjafirnar.




SVENNI: Nei, það fer of mikill tími í hrossin.



Já, var að búa til óskalista.





Lokað á mánudögum. Ath. opið lengur um helgar ef um uppákomur er að ræða. Hægt er að leiga sal fyrir afmæli og fleira, s. 662-8601

ÞETTA REDDAST

kreppan sem menn eru búnir að hóta í marga mánuði og hún kom með látum. Þó að við höfum verið vöruð við henni þá var okkur alveg sama. Hún skall á einsog kraftmikil þynnka eftir gott sveitaball í Hlégarði. Það dugar ekkert Alkaseltzer við kreppunni,bara bíða,spara og sitja helvítið af sér. En nú þurfa sumir að breyta lífsháttum sínum, þyrlupöllunum við 700 fermetra sumarhúsin á Þingvöllum verður breytt í kartöflugarða. Uppstoppaði ísbjörninn sem búið var að panta verður að bíða eftir næsta góðæri. Panda steikin sem átti að hafa í matinn á sunnudaginn verður að bíða fram á jól og lóga verður tígrisdýrinu þar sem það er orðið svo dýrt í rekstri, enda étur þetta kvikindi 15 kíló af nautalundum á dag. Auðmenn verða að skipta út einkaþotunum fyrir ömurlegt fyrsta farrými hjá Flugleiðum og Range Rovernum skipt út fyrir strætó kort. Ég get nú samt ekki verið sammála síðasta pistla höfundi honum Þrándi vini mínum sem sagði að þetta væri bara allt saman gott og blessað, enda er hann ekki að ala upp tvö börn og borga af húsi, bíl, fasteigna gjöld, síma, sjónvarpi, tryggingum og þar fram eftir götunum. Þetta er kannski gott og blessað á hótel mömmu en margir verða eftir í djúpum skít. Ég er t.d. með drusluna mína á glæsilegu myntkörfuláni, sem þótti fín hugmynd á sínum tíma. Það er einsog djöfullinn sjálfur hafi gripið í taumana um leið og kallinn var búinn að skrifa undir og enn sést ekki fyrir endann á því ævintýri.En hverjum er um að kenna? Ofurmenntuðum hagfræðingum úrháskólanum! Jakkaklæddum viðskiptafræðingum úr Bifröst! Eða ríkisstjórninni! Kannski? Voru það hámenntaðir útrásar víkingarnir sem að við höfum ekki haft undan að dásama síðastliðin 5 ár sem eru senda okkur með hraðpósti beina leið til helvítis. Ég ætla ekki að svara því enda breytir það ekki ástandinu að hálshöggva neinn núna, við þurfum bara lausnir og það strax. En einsog við Íslendingar segj-

En einsog við Íslendingar segj um svo oft: ÞETTA REDDAST.

Högni Snær



SMÁAUGLÝSINGAR

FRÍTT FYRIR EINSTAKLINGA

Raðhús til leigu

Vel staðsett tvílyft raðhús á rólegum stað til leigu. 170 fm, fjögur svefnherbergi, lítill garður og verönd með heitum potti. Uppl. í síma 566-7288

Íbúð óskast

Óska eftir 2ja-3ja herbergja íbúð á leigu í Mosfellsbæ. Er reyklaus og heit skilvísum greiðslum. S. 822-2460.

Falleg íbúð til leigu

Mjög falleg 4ja herbergja íbúð til leigu í Teigum. Íbúðin er björt og rúmgóð með sér baðherbergi fyrir hjónin. Gott leiguverð fyrir gott fólk. Uppl. í síma 892-5860.

Íbúð til leigu

Góð íbúð til leigu á þriðju og jafnframt efstu hæð í Klapparhlíð. Íbúðin er 80 fm2 og er laus frá 1. des. Leigist á 125.000 kr. Nánari upplýsingar veitir Erla í síma 8684448/5870356 eða belmont@betra.is

Smíðavinna

Húsasmiður óskar eftir verkefnum í Mosfellsbæ. Breytingar, viðhald og margt fleira. Uppl. gefur Davíð í síma 898-4423

Hef opnað nuddstofu

Get komið í heimahús og nuddað. Adam 659 1237.

MOSFELLINGUR

Næstu blöð koma út **5. des og 19. des.**

Þarft þú að koma einhverju á framfæri?

Mosfellingur er borinn út í hvert hús og fyrirtæki í Mosfellsbæ, Kjalarnesi og Kjós.

Skilafrestur efnis/auglýsinga er mán. 1. des. og mán. 15. des

mosfellingur@mosfellingur.is

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáir blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti



B. Markan ehf. Pípulagnir

© 660 6690



GRÆNUMÝRI 3 - SÍMI 587 7659 - WWW.BILAPARTAR IS

áðlaust net kaldur af krana cr r í beinni kaffi risaskjár samlok ılokur lasagne heitt súkkulaði





ebes pizzur kaffi risaskjár samloki agne heitt súkkulaði boltinn í bei mlokur þráðlaust net kaldur af kra

Kaffi- og veitingahús - Háholti 12 - S. 586 8040



Viltu betri heilsu? Leitaðu til ráðgjafa með reynslu

Ragnheiður Jóhannsdóttir Herbalife ráðgjáti í Mosfellsbæ Simi: 889 9913 Þefriheisa is/tædda, raddasi@omail.cc



BÍLSKÚRAR • SVALIR • BAÐHERBERGI • STOFUR • ELDHÚS • VERSLANIR • IÐNAÐARHÚSNÆÐI

Steinteppi & epoxy gólfefni









SteinTeppi.is

Sími 864 6600

www.steinteppi.is | steinteppi@steinteppi.is


MOSFELLINGUR GK Snyrtistofc Kjarna Pverholti 2 Sími: 534 3424

Kjarna Þverholti 2

EFNILEGIR KNAPAR

Uppskeruhátíð æskulýðsnefndar Harðar var haldin á dögunum og voru efnilegir knapar verðlaunaðir. Guðjón Magnússon formaður hestamannafélagsins afhenti verðlaunin sem voru í boði Leirvogstungu ehf.

Efri röð: Hrefna Guðrún Pétursdóttir (efnilegust í barnaflokki), Katrín Sveinsdóttir (besti knapi í barnaflokki), Arnar Logi Lúthersson (besti knapi í unglingaflokki og styrkur úr afreksjóði vegna árangurs á Íslandsmóti) og Sigríður Ingvarsdóttir (styrkur úr afrekssjóði vegna árangurs á Íslandsmóti) **Neðri röð:** Páll Jökull Þorsteinsson (mestu framfarir á keppnisnámskeiði), Bjarklind Björk Gunnarsdóttir (mestu framfarir á almennu námskeiði), Margrét Sæunn Axelsdóttir (efnilegasti knapi í unglingaflokki. Á myndina vantar: Gretti Jónasson og Söru Rut Sigurðardóttur.



Lækkaðu bensínkostnaðinn

fáðu ókeypis dælulykil frá Atlantsolíu.





Mosfellsbær

Sími **591 3100** www.atlantsolia.is



Laxatunga

Laxatunga - Leirvogstunguhverfi. Fallegt 243,9 fm endaraðhús á tveimur hæðum. Húsið afhendist fullbúið en tilbúið til innréttinga að



Þrastarhöfði

Mjög glæsileg og nýtískuleg 115,4 fm. íbúð með sér inngangi og fallegri timburverönd auk stæði í lokaðri bílageymslu. V. 33,9 m.



Kvíslartunga

Glæsilegt 278 fm. parhús á tveimur hæðum við Kvíslartungu í Mosfellsbæ. Eignin er fullbúin að utan en rúmlega fokheld að utan. 80 fm. svalir.





588 55 30

Pétur Pétursson löggiltur fasteignasali 897-0047

Grétar J. Stephensen löggiltur fasteignasali 861-1639



Litlikriki - raðhús á hagstæðu verði

Fjögur raðhús á einni hæð með mikilli lofthæð á fráhærum stað efst við Litlakrika. Frábært skipulag. Stærð húsa frá 197-207 fm og afhendast tilbúin til innréttinga. Verð frá 37,5-41,2 millj. Áhvílandi lán frá Íbúðalánasióði. V.41,2 m.



Furubyggð

Vandað og vel staðsett 165 fm. parhús með auka 18 fm. óskráðu risherbergi við Furubyggð í Mosó. Lokuð og gróin gata. 4 svefnherbergi. 2 baðherbergi, Flottur sólpallur. Hellulagt bilaplan. Hagstætt 4.15% lán. Skipti á ódýrari eign koṁa til gréina V. 39.5 m.



Litlikriki

Glæsilegt 207 fm. endaraðhús sem er rúmlega tilbúið til innréttinga. Innbyggður bílskúr 30 fm. Bílskúrinn er fullbúinn með góðu geymslulofti. Hiti í gólfum og byrjað að setja upp milliveggi. Flott stabsetning. Hagstævtt lán frá íbúðalánsjóði kr. 20 millj. áhvílandi. V. 41.2 m

